



Nefndasvið Alþingis  
B/t Sigrún Sigurjónsdóttir  
Þórshamri v/ Templarasund,  
150 Reykjavík

Reykjavík 27. mars 1998



Samtökunum hefur borist til umsagnar nýtt frumvarp til áfengisлага. Samtökin gera ekki athugasemd við frumvarpið í heild, en leyfa sér að benda á einstaka atriði í frumvarpinu, sem þau telja athugunar verð.

Hvað viðvíkur frumvarpinu í heild, telja samtökin það góða reynslu hafa fengist af afnámi á einkaleyfi ÁTVR til innflutnings á áfengi, að tryggja verði, að heimildir innflytjenda og heildsala verði ekki skertar með núverandi frumvarpi. Frekar beri að auka enn við frelsi þessara aðila til að selja áfengi í öðrum tilvikum en þegar um hreina smásölu er að ræða. Því verði að tryggja, að innfl. og heildsalar fái að selja áfengi í öllum tilvikum öðrum en þar sem um hreina smásölu er að ræða.

Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir að leyfi þurfi til að veita áfengi í samkvæmum öðrum en einkasamkvæmum. Samtökin gera ráð fyrir að þar með sé litið á veitingu áfengis í slíkum samkvæmum sem atvinnu og veiting áfengis fari þar fram í atvinnuskini. Samtökin leggja ríka áherslu á, að ákvæði þetta verði ekki íþyngjandi þannig að hoggið sé of nærri einstaklingsfrelsinu.

Á sama hátt benda samtökin á að 2. ml. 2. mgr. 19. gr. frv. er dæmi um ákvæði sem tæplega fær staðist með hliðsjón af einstaklingsfrelsi. Þá telja samtökin ákvæði 20. gr. frv. tímaskekkju. Mun nær væri að leyfa takmarkaðar auglýsingar í samvinnu við bæði innflytjendur og heildsala eins og margsinnis hefur verið boðið uppá. Ákvæðið er tekið óbreytt upp úr núverandi lögum en hefur að mati dómsstóla verið metið allt of rúmt og ónothæft til þess að stöðva auglýsingar. Hvetja samtökin því til þess að allt bann við auglýsingum verði fellt út úr lögum.

Samtökin vilja sértaklega benda á rúma heimild í 9. gr. frv. til að selja áfengi til ýmissa aðila, og ber að fagna þeirri breytingu. Hins vegar telja samtökin að kveða mætti enn skýrar á um heimild innflytjenda og heildsala til að selja áfengi til ráðuneyta, auk þeirra sem þar eru upp taldir, enda njóta ráðuneyti svipaðrar stöðu og t.d. sendiráð. Að lokum vilja samtökin vekja athygli á því misrétti sem felst í heimild sendiráða til að flytja inn áfengi til eigin neyslu, og fá þá niðurfelldan virðisaukaskatt. Telja samtökin að jafnræði eigi að ríkja á þessu sviði, þannig að við sölu á áfengi til þeirra sem njóta úrlendisréttar, þá sé heimilt að fella niður virðisaukaskatt af þeim viðskiptum einnig.

Virðingarfyllt,  
Fh. Samtaka verslunarinnar

Baldvin Hafsteinsson hdl.